

Skýrsla

fjármála- og efnahagsráðherra um kynslóðareikninga, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Með beiðni (á þskj. 1011 – 613. mál) frá Helga Hjörvar, Árna Páli Árnasyni, Katrínu Júlíusdóttur, Kristjáni L. Möller, Oddnýju Harðardóttur, Ólínu Kjerúlf Þorvarðardóttur, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Valgerði Bjarnadóttur og Össuri Skarphéðinssyni er þess óskað að fjármála- og efnahagsráðherra flytji Alþingi skýrslu um svokallaða kynslóðareikninga nánar tiltekið um þróun efnahagslegrar stöðu þess þjóðfélagshóps sem á hverjum tíma er á aldrinum 20-35 ára miðað við eldri kynslóðir undanfarna tvo til þrjá áratugi.

Skýrslubeiðni, verklag og helstu niðurstöður

Í skýrslubeiðni kemur fram að tilefni hennar er grein sem birtist 7. mars sl. í breska dagblaðinu The Guardian. Í kjölfar greinarinnar birti The Guardian röð greina er fjölluðu um stöðu svokallaðrar aldamótakynslóðar (e. millennials), en til kynslóðarinnar teljast þeir sem fæddir eru á milli 1980 og 1995. Umrædd kynslóð gengur einnig undir nafninu kynslóð Y (e. generation Y). Niðurstöður rannsókna The Guardian benda til þess að í sjö ríkjum Norður-Ameríku og Evrópu standi umrædd kynslóð verr að vígi í efnahagslegu tilliti í samanburði við aðra þjóðfélagshópa heldur en raunin var fyrir t.d. þremur áratugum síðan. Í greinaröð The Guardian kemur fram að kynslóðin taki til sín umtalsvert lægra hlutfall heildartekna en jafnaldrar þeirra 30 árum áður. Þá kemur einnig fram að aukið atvinnuleysi ungs fólks standi kynslóðinni fyrir þrífum. Aðrir þættir sem The Guardian telur að hafi dregið úr möguleikum ungs fólks til að fóta sig í nútímasamfélagi eru m.a. auknar skuldir, aukin hnattvæðing og hækkun húsnæðisverðs.

Skýrslubeiðnin kallaði á nokkuð umfangsmikla rannsókn og fól ráðuneytið fræðimönnum í hagfræði við Háskólann í Reykjavík það verkefni. Afurð þeirrar rannsóknarvinnu er sú skýrsla sem á eftir kemur og fjallar um stöðu aldamótakynslóðarinnar í nútímasamfélagi og samanburð við efnahagslega stöðu fólks á sama aldri á undanförunum áratugum.

Rétt er að nefna að í skýrslubeiðninni var sérstaklega beðið um svokallaða kynslóðareikninga. Kynslóðareikningar sýna dreifingu skattbyrðar og tilfærslna á milli kynslóða og hvernig opinber fjármálastefna hefur áhrif á þessa dreifingu og gefa því vísbendingu um hvort efnahagsstefna stjórnvalda hverju sinni ívilnar núlífandi kynslóðum á kostnað þeirra sem á eftir koma, eða öfugt. Kynslóðareikningar beinast ekki að því hvernig aðrir efnahagslegir þættir breyta innbyrðis stöðu kynslóðanna og tengjast greinaröð The

Guardian í raun ekki nema að litlu leyti. Ennfremur fjallar skýrslubeiðnin efnislega um greiningu á efnahagslegri stöðu ungs fólks í samanburði við þá sem eldri eru, og einnig í samanburði við efnahagslega stöðu ungs fólks á árum áður. Því var ákveðið, í samráði við skýrsluhöfunda, að sú skýrsla sem á eftir fylgir fjalli efnislega eingöngu um niðurstöður slíkrar greiningar og samanburð á efnahagslegri stöðu mismunandi aldurshópa, en ekki um eiginlega kynslóðareikninga.

Niðurstöður skýrslunnar sýna m.a. að hlutfall ráðstöfunartekna ungs fólks af heildarráðstöfunartekjum hefur farið lækkandi á undanförunum árum. Þróunin hér á landi hefur því að einhverju leyti verið svipuð og erlendis. Áhrif skatta- og bótakerfa á tekjudreifingu milli aldurshópa virðast hafa verið fremur lítil og þá heldur til þess fallin að bæta kjör yngri aldurshópa. Aukin ásókn ungs fólks, þá sérstaklega ungra kvenna, í háskólanám og aðrar samfélagslegar breytingar virðast fremur ýta undir þróunina. Rétt er að hafa í huga, eins og ítrekað er dregið fram í skýrslunni að gögnin sem skýrslan byggir á leyfa ekki einhlítar niðurstöður um orsakasamhengi og því er greiningin sem á eftir fer fyrst og fremst lýsandi, þó settar séu fram kenningar um hugsanleg orsakatengsl.

Greinargerð um þróun á efnahagslegri stöðu fólks á aldrinum 20-35 ára

Dr. Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík

Dr. Axel Hall, lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík

1. Inngangur

Greinargerð þessi er rituð að ósk fjármála- og efnahagsráðuneytisins í framhaldi af beiðni til fjármála- og efnahagsráðherra um skýrslu um þróun á efnahagslegri stöðu fólks á aldrinum 20-35 ára frá nýu þingmönnum (Helgi Hjörvar o.fl., 2016). Í greinargerðinni er fjallað um þróun á efnahagslegri stöðu þess hóps sem á hverjum tíma er á þessum aldri miðað við eldri kynslóðir. Eins og fram kemur í skýrslubeiðni þingmannanna þá birti breska blaðið The Guardian nýlega röð greina¹ sem sýnir að staða ungs fólks – „generation y“ eða „millennials,“ eins og kynslóðin sem fædd er árin 1980-1995 er gjarnan kölluð í Bandaríkjunum og Bretlandi og má kalla aldamótakynslóðina – er umtalsvert lakari í efnahagslegu tilliti á ýmsa mælikvarða nú en fyrir um þremur áratugum.

Rétt er að taka fram að í skýrslubeiðni þingmannanna er óskað eftir skýrslu um „svokallaða kynslóðareikninga“, sem eru síðan nánar skilgreindir sem „þróun efnahagslegrar stöðu þess þjóðfélagshóps sem á hverjum tíma er á aldrinum 20–35 ára miðað við eldri kynslóðir undanfarna tvo til þrjá áratugi“. Þessi efnislega lýsing á viðfangsefninu fer ekki nákvæmlega saman við hefðbundna skilgreiningu á kynslóðareikningum þar sem greiningin beinist fyrst og fremst að dreifingu skattbyrðar og tilfærslna á milli kynslóða og hvernig opinber fjármálastefna hefur áhrif á þessa dreifingu (sjá Gylfa Magnússon o.fl., 1998). Kynslóðareikningar beinast ekki að því hvernig aðrir efnahagslegir þættir breyta innbyrðis stöðu kynslóðanna. Greiningin í þessari skýrslu lýtur að þeirri skilgreiningu sem sett er efnislega fram í skýrslubeiðninni, en ekki að gerð kynslóðareikninga í fyrrgreindri hefðbundinni skilgreiningu, enda væri það mun umfangsmeira verk sem tæki meiri og lengri tíma en er gefinn til ritunar skýrslunnar. Þá ber þess að geta að kynslóðareikningar fyrir Ísland hafa ekki verið framkvæmdir í allnokkurn tíma.

Við upphaf verkefnisins var eftirfarandi spurningum varpað fram:

1. Hefur ójöfnuður milli kynslóða aukist?
2. Stendur ungt fólk umtalsvert verr að vígi nú, miðað við aðra aldurshópa, en áður?
3. Hvernig hefur þróun atvinnu- og ráðstöfunartekna ungs fólks og eldri hópa verið hér miðað við önnur lönd?

¹ M.a. Barr og Malik (2016a, 2016b).

4. Hefur þróun á tekjuferlum árganga breyst?
5. Hvernig hefur húsnæðisverð og leiguverð þróast í samanburði við tekjur
6. Hvernig hefur þróun eigna og skulda þróast eftir aldurshópum?
7. Lék fjármálakreppan ungt fólk verr en aðra aldurshópa, t.d. á vinnumarkaði og að því er varðar þróun eigna og skulda?
8. Ef svo er, hafa þau áhrif verið langvarandi?
9. Er kynbundinn munur á svörum við spurningunum að ofan?

Það reyndist misjafnlega aðgengilegt að afla viðhlítandi gagna til að svara þessum spurningum – í sumum tilvikum var auðvelt að nálgast þau gögn sem til þurfti, en í öðrum tilvikum var það erfitt eða ómögulegt. Sér í lagi ná fyrirliggjandi íslensk gögn oftast ekki eins langt aftur í tíma og þau alþjóðlegu gögn sem The Guardian byggði umfjöllun sína á; lengst ná gögnin aftur til ársins 1990. Engu að síður svarar skýrslan flestum spurninganna að töluverðu marki og varpar í öllum tilvikum nokkru ljósi á viðfangsefnið.

Í greinaröð The Guardian var sjónum fyrst og fremst beint að því hvernig ráðstöfunartekjur eftir aldri hafa breyst síðustu áratugi. Slík greining er einnig sett fram hér, en gengið er lengra, og breytingarnar eru settar í samhengi við aðra samfélagslega og efnahagslega þætti sem kunna að hafa áhrif eða leiða af breyttum tekjum. Margir slíkir þættir koma til greina, samspil þeirra getur verið flókið og orsakasamhengi ekki augljóst. Sumt endurspeglar efnahagslegar breytingar, annað breytingar á félagslegri þróun, gildismati og samfélagslegum þáttum. En hægt er að skoða samspil þessara þátta – t.d. umfang háskólamenntunar og hvenær stofnað er til sambúðar – án þess að orsakasamhengi sé ljóst. Fyrirliggjandi gögn leyfa ekki einhlítar niðurstöður um orsakasamhengi. Því er greiningin hér fyrst og fremst lýsandi – þróun á tilteknum þáttum yfir síðasta aldarfjórðung er lýst í myndum, tölum og orðum – þótt einnig séu settar fram ákveðnar kenningar um hugsanlegt orsakasamhengi.

Við lestur skýrslunnar og rýni á niðurstöðum er mikilvægt að hafa í huga að flest af því sem sýnt er lýtur að heildarstöðu tiltekinna aldurshópa á mismunandi tímapiunktum. Slík staða, t.d. að því er varðar skuldir, endurspeglar aðstæður og ákvarðanir þess hóps eins og þær hafa þróast gegnum tíðina. Hvatar og aðstæður á jaðrinum hafa hins vegar áhrif til breytinga á hverjum tíma, t.d. að því er varðar kaup yngstu hópa á íbúðarhúsnæði. Þetta þarf að hafa í huga þegar niðurstöður eru túlkaðar. Jafnframt er mikilvægt að gera skýran greinarmun á því að bera saman stöðu sama aldurshóps, t.d. 25-29 ára, á ólíkum tímum og því þegar aldurshópnum er fylgt eftir yfir tíma og skoðað hvernig honum farnast. Í þessari skýrslu er leitast við að draga fram bæði þessi sjónarhorn.

Efni skýrslunnar er sett fram með eftirfarandi móti: Í kafla 2, eru settar fram helstu niðurstöður skýrslunnar. Í kafla 3 er gerð grein fyrir þeim gögnum sem liggja til grundvallar. Kafla 4 lýsir þróun ráðstöfunartekna eftir aldri, kyni og fleiri þáttum. Í kafla 5 eru hugsanlegir áhrifaþættir að baki þróun tekna skoðaðir. Kafla 6 beinir sjónum að stöðu yngri hópa á húsnæðismarkaði. Í kafla 7 eru teknar saman niðurstöður úr bandarískri skýrslu stöðu aldamótakynslóðarinnar þar.

2. Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru eftirfarandi:

1. Þegar litið er til annarra landa hefur ungt fólk almennt dregist aftur úr í tekjum síðustu áratugi, en eftirlaunaþegar hafa fremur bætt stöðu sína. Þróunin hér er svipuð. Það ber að undirstrika að í þessum samanburði er ekki tekið tillit til

breytinga á atvinnuþátttöku. Það hefur töluverðar afleiðingar í sumum tilvikum, t.d. varðandi samanburð á tekjum kvenna yfir langt tímabil. Svipað gildir um yngri hópa þar sem mun fleiri stunda nám en áður.

2. Þegar þróun aldurshópa undanfarna áratugi er skoðuð sést að framvindan er lík á Íslandi og Bretlandi að því leyti að yngsti hópurinn lækkar mest, um 24% á Íslandi og 33% á Bretlandi. En síðan verður þróunin frekar ólík. Á Íslandi minnkar munurinn jafnt og þétt þar til hann snýst við þegar komið er að hópnum 35-39 ára. Tekjur eldri hópa hækkuðu svo umfram meðaltalið í nokkrum stíganda sem náði hámarki fyrir 60-64 ára. Á Bretlandi er þetta mynstur mun óreglulegra, en lífeyrisþegar hafa stórbætt stöðu sína. Þessi ólíka þróun kann að stafa af því að lífeyriskerfin hafa þróast með ólíkum hætti í löndunum.
3. Þegar íslensk gögn frá árunum 1990 og 2014 eru borin saman sést einnig að yngri hóparnir hafa lækkað hlutfallslega miðað við meðaltalið á undanförunum aldarfjórðungi, en þeir eldri hafa hækkað. Gögnin gefa til kynna lækkun aldurshópa milli 1990 og 2014 fram að 35-39 ára aldri, en hækkun eftir það. Hæstu tekjum nær fólk nú á aldrinum 45-49 ára, en ekki við 40-44 ára aldur eins og var árið 1990.
4. Þegar þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna einstakra aldurshópa er skoðuð yfir tímabilið 1990-2014 kemur í ljós að til ársins 1997 hreyfast ferlarnir nánast alveg í sama takti. Eftir það verður framvindubrot þar sem eldri hóparnir taka verulega fram úr þeim yngri og verður bilið sífellt meira fram að fjármálakreppunni. Það dregur verulega úr bili milli hópa eftir það, en þó með þeim hætti að elstu hóparnir halda sínu forskoti.
5. Þróun tekna eftir kynjum er ólík. Árið 1990 fóru tekjur karla nálægt því að tvöfaldast frá 20-24 ára að 40-44 ára aldri; fóru úr um 90% af meðaltekjum í 170%. Tekjur kvenna hækkuðu mun minna með aldri, fóru úr 60% við 20-24 ára aldur í 85% þegar 40-44 ára aldri var náð. Tekjur eftir aldri eru mun líkari hjá kynjunum nú. Engu að síður eiga konur enn nokkuð í land með að ná körlum í ráðstöfunartekjum í nánast öllum aldurshópum.
6. Vísbendingar eru um að ferill ævitekna einstaklinga sé að breytast í þá átt að fólk byrji almennt með lægri tekjur (hlutfallslega) en áður, en tekjurnar aukist síðan hraðar með aldri og hækkunin vari lengur. Fólk nær því hámarkstekjum við hærri aldur en áður var.
7. Nánari greining þar sem bætt er við sambúðarformi og fjölskyldugerð staðfestir fyrri niðurstöður um áhrif aldurs og kyns, en sýnir einnig að barnlausir standa verr í samanburði við barnafólk. Ekki er mikill munur á þróun einhleypna og samskattaðra.
8. Þegar litið er á upphaf og lok tímabilsins 1990-2014 þá bendir allt til þess að áhrif skatta- og bótakerfa hafi verið lítil og fremur í þá átt að bæta kjör yngstu hópanna. Skýringa á lakari stöðu þeirra er því að öllum líkindum ekki að leita í þeim kerfum.
9. Mikil fjölgun hefir orðið á þeim sem stunda háskólanám. Sú fjölgun tekur til allra yngstu aldurshópanna og aukningin er mun meiri meðal kvenna en karla. Samsvarandi breytingar hafa orðið á hlutfalli þeirra sem hafa lokið háskólanámi.
10. Tekjur eru hærri hjá þeim sem eru með háskólamenntun en þeim sem hafa lokið skemmra námi. Hins vegar hefur þessi ávinningur minnkað verulega á þessum áratug sem gögn liggja fyrir um. Svo virðist sem sköpun nýrra starfa við hæfi

háskólamenntaðra hafi ekki haldið í við fjölgun þeirra og tekjuávinningur menntunar því minnkað. Í þessu felst áskorun fyrir íslenskt samfélag. Þessi vandi er ekki einskorðaður við Ísland.

11. Vísbendingar eru um eftirfarandi samspil háskólamenntunar og ráðstöfunartekna fólks á aldrinum 20-34 ára:
 - Yngsti hópurinn, 20-24 ára, er nú í mun meira mæli í háskólanámi en áður. Það má skýra (hlutfallslega) lægri tekjur þessa hóps að töluverðu leyti út frá þessari þróun.
 - Þegar komið er í eldri hópana, 25-29 ára og 30-34 ára, þá dragast tekjurnar enn niður, miðað við það sem áður var, af hærra hlutfalli þeirra sem stunda nám, þótt í minna mæli sé en í yngsta hópnum.
 - Þetta skilar sér í verulegri (hlutfallslegri) lækkun ráðstöfunartekna 20-24 ára. Hóparnir 25-29 ára og 30-34 ára lækka einnig, en lækkunin er stigmínkandi.
 - Ekki er hægt að fullyrða að þessi áhrif séu ráðandi í framvindu tekna, þótt þau séu til staðar.
12. Það hvenær fólk ákveður að hefja sambúð ræðst að einhverju leyti af efnahagslegum og félagslegum þáttum – tekjum, aðgangi að húsnæði o.fl. – en líklegt er að ákvörðunin sem slík hafi einnig áhrif á tekjur. Meðal barnlausra einstaklinga, hafa þeir sem eru í sambúð hærri tekjur en þeir sem eru einhleypir, hvort sem það stafar af því að fólk hefur sambúð þegar það hefur efnahagslega stöðu til þess, eða að það hefur sambúð og aflar síðan tekna sem til þarf til að reka heimili; það má geta sér þess til að hvort tveggja komi til. Gögn gefa til kynna að meðalaldur fólks við stofnun sambúðar hafi hækkað um fimm ár frá 1990.
13. Reynslan sýnir að sterk tengsl eru milli kaupmáttar ráðstöfunartekna og húsnæðisverðs. Ef einstakir hópar dragast aftur úr í kaupmætti getur það því leitt til þess að húsnæðis kaup verða þeim erfið. Gögn frá 2004 sýna að þung undiralda er í þá átt að hlutdeild eigin húsnæðis minnki hjá yngstu aldurshópum. Hröðust var þróunin meðan fjármálakreppan reið yfir. Lækkunin virðist stöðvast árið 2011 og einhver viðsnúningur hafa orðið síðustu ár.
14. Fasteignaverð hefur tvöfaldast að raunvirði frá 1990, en raunvextir hafa lækkað um helming á sama tímabili. Þegar litið er til greiðslubyrði nýrra lána togast því á hækkun fasteignaverðs og lækkun raunvaxta. Þegar þessi þróun er sett í samhengi við kaupmátt yngstu hópa kemur í ljós að greiðslubyrði af dæmigerðu láni hefur ekki breyst mikið milli 1990 og 2014. Sú staðreynd að fasteignaverð hefur hækkað verulega umfram ráðstöfunartekjur þessara aldurshópa bendir til að um þessar mundir sé greiðslubyrði lána ekki aðalvandamálið fyrir ungt fólk heldur öllu fremur getan til að safna fyrir útborgun, sem reynist erfiðari hjalli að yfirstíga.
15. Viðhorf og gildismat hefur á hverjum tíma áhrif á ákvarðanir fólks og ef slíkir undirliggjandi þættir breytast þá hefur það víðtækar afleiðingar. Efnahagsráð forseta Bandaríkjanna birti í árslok 2014 umfangsmikla skýrslu um aldamótakynslóðina þar sem teknir eru saman helstu þættir og sérkenni hennar (Council of Economic Advisers, 2014). Margt í þeirri skýrslu kemur heim og saman við það sem þessi skýrsla leiðir í ljós varðandi Ísland: Bandaríska

aldamótakynslóðin hefur fjárfest meira í mannauði en fyrri kynslóðir; sú fjárfesting skilar tekjuávinningi, en hann hefur minnkað verulega og meira en hér á landi. Aldamótakynslóðin er ólíklegri til að búa í eigin húsnæði en fyrri kynslóðir á sama aldri, en líklegri til að búa í foreldrahúsum. Þar hafa efnahagsaðstæður áhrif, en einnig nánari tengsl barna og foreldra en áður var.

16. Í bandarísku skýrslunni kemur fram að aldamótakynslóðin standi frammi fyrir margs konar áskorunum. Fyrir það fyrsta gefa rannsóknir til kynna að efnahagslegar aðstæður í æsku og á fyrstu fullorðinsárum marki feril einstaklinga til langs tíma og geti haft varanleg áhrif á laun, tekjur, sparnað, fjárfestingar og traust til stofnana samfélagsins. Þetta bendir til að efnahagskreppan mikla í Bandaríkjunum hafi haft neikvæð áhrif á þessa þætti þótt of snemmt sé að segja hversu mikil og varanleg áhrifin verði. Svipað kann að eiga við hér.

3. Gögn sem liggja til grundvallar

Að því er varðar nauðsynleg gögn þá birtir Hagstofa Íslands gögn á heimasíðu sinni byggð á upplýsingum úr skattframtölum um ráðstöfunartekjur eftir kyni og fimm ára aldursbilum frá árinu 1990 til ársins 2014. Þessi gögn má nota til að varpa ljósi á stöðu aldurshópsins 20-35 ára að hluta.

Það er ætíð álítaefni hvernig á að fara með tekjur samskattaðra í svona greiningu, en það hefur áhrif á samburð milli kynja og þegar litið er til mismunandi fjölskyldugerða. Í gögnum Hagstofunnar er sameiginlegum tekjum og gjöldum samskattaðra (fjármagnstekjum og -gjöldum, vaxta- og barnabótum, o.s.frv.) skipt jafnt milli sambúðarfólks en atvinnutekjur, tekjuskattur og aðrar sérgreindar tekjur og gjöld hvers einstaklings, eru látnar halda sér. Einstaklingarnir eru síðan flokkaðir í hópa eftir kyni og aldri. Með þessari aðferð kemur kynbundin þróun atvinnutekna nokkuð skýrt fram. Hins vegar sést ekki nægjanlega vel hvernig innbyrðis staða þeirra sem eru í sambúð og má ætla að deili tekjum og gjöldum í rekstri fjölskyldunnar breytast miðað við einhleypinga.

Til að geta kafað dýpra í viðfangsefnið var aflað viðbótargagna frá embætti ríkisskattstjóra. Þau gögn taka til tímabilsins 1993-2015 og ná til tekna, skattgreiðslna, eigna, skulda, vaxtagreiðslna og fleiri þátta. Gögnin eru byggð á upplýsingum úr skattframtölum sem eru greindar eftir kyni, aldurshópum, fjölskyldugerð (einhleypir/samskattaðir, barnlausir/barnafólk) og er raðað í tíundir eftir ráðstöfunartekjum. Hver hópur er það stór að gögnin eru ekki persónugreinanleg. Í þeim örfáu tilvikum þar sem hópurinn var það fámennur að persónugreining var möguleg þá voru þau gögn fjarlægð af hálfu ríkisskattstjóra fyrir afhendingu. Í gagnasafninu er fjöldi breyta og í heild er þetta mikið magn gagna, eða um 400.000 gagnapunktur. Í þessari skýrslu er sviðið þrengt til þess að gera gögnin meðfærilegri og fækka gagnapunktum og aðallega unnið með ráðstöfunartekjur, húsnæðiseignir og -skuldir og vaxtagreiðslur af húsnæði auk þess sem litið var til árána 1993, 2000, 2005 og 2015 í stað þess að nota samfellda runu ára. Eftir 2000 eru gögnin skoðuð á fimm ára fresti og þar sem aldurabilin hlaupa ennfremur á fimm árum gefur það tækifæri til að fylgja aldurshópnum eftir í ýmsum greiningum sem framkvæmdar eru.

Í vinnslu ríkisskattstjóra voru upplýsingar um sambúðarfólk meðhöndlaðar á annan veg en er gert í gögnum Hagstofu Íslands: Öllum tekjum, gjöldum og eignum var skipt jafnt milli tveggja einstaklinga í sambúð áður en hópurinn var flokkaður eftir kyni, aldri, fjölskyldugerð og tekjutíundum. Flest sambúðarfólk er af gagnstæðu kyni. Þetta gerir það að

verkum að karlar og konur í sambúð koma mjög líkt út varðandi þær breytur sem eru til skoðunar; það er fyrst og fremst aldursmunur sem gerir það að verkum að niðurstöður eru mismunandi eftir kynjum fyrir samskattaða (almennt eru konur yngri en sambúðarmenn þeirra). Þetta þýðir að það er ekki hægt að draga miklar ályktanir af kynbundinni greiningu á gögnum um samskattaða. Tekjur sambúðaraðilans hafa þar þannig áhrif. Það skal ennfremur tekið fram að þar sem aðilar deila saman húsnæði og hlutskipti eru líka sjónarmið til þess að deila tekjum jafnt innan heimilisins þegar efnaleg staða er skoðuð annars yrði greiningin skekkt þegar horft er á eignir, skuldir og vexti sem aðilar greiða.

Fyrir utan þau gögn sem lýst er hér að framan var stuðst við gögn og upplýsingar af ýmsu tagi frá m.a. Hagstofu Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanka Íslands, og Þjóðskrá Íslands. Meðal annars vann Hagstofa Íslands gögn um stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði úr Lífskjararannsókn sinni. Vísað er til heimildar um þau gögn í töflum og myndum hér á eftir, eftir því sem við á.

4. Þróun ráðstöfunartekna eftir aldri og fleiri þáttum


Það er eðlilegt að byrja á því að setja þróunina á Íslandi í samhengi við þær upplýsingar sem eru settar fram í grein The Guardian sem vísað er til í skýrslubeiðninni (Barr og Malik, 2016a) þar sem borin er saman þróun á ráðstöfunartekjum eftir aldri í nokkrum ríkjum. Ísland er ekki með í þeim samanburði, en er bætt við í mynd 1, sem byggir á tölum úr umræddri grein fyrir önnur lönd. Myndin sýnir hlutfallslega breytingu ráðstöfunartekna eftir aldri í nokkrum ríkjum á síðustu áratugum, þ.e. hversu mikið fólk, á þeim aldri sem tiltekinn er, hefur unnið á eða dregist aftur úr meðaltali ráðstöfunartekna á hverjum tíma.² Samanburðurinn nær til mismunandi langs tíma eftir löndum og sýnir hlutfallslega breytingu á ráðstöfunartekjum fólks á aldrinum 25-29 ára, annars vegar, og fólks á eftirlaunaaldri, 65-69 og 70-74 ára, hins vegar.³ Lengsta tímabilið er á Spáni, þar sem gagnatímabilið byrjar árið 1980, en styst er það á Íslandi þar sem það hefst árið 1990. Lokapunkturinn er í öllum tilvikum árið 2010. Það væri heppilegra ef upphafspunkturinn væri sá sami í öllum tilvikum, en þetta ræðst af þeim gögnum sem eru aðgengileg.

Í grein The Guardian var það dregið sérstaklega fram að síðustu áratugi hefur ungt fólk almennt dregist aftur úr í tekjum, þegar miðað er við það sem gerist að jafnaði, en eftirlaunaþegar hafa fremur bætt stöðu sína. Þetta er að vísu misjafnt eftir löndum og það er ein undantekning á þessari reglu, þ.e. Ástralía, en þetta er engu að síður almenna mynstrið. Ísland fellur vel að þessu mynstri: Aldurshópurinn 25-29 ára dróst 14% aftur úr meðaltalinu á mælikvarða ráðstöfunartekna, en 65-69 ára og 70-74 ára hækkuðu um 6% umfram meðaltal. Ítalía og Spánn eru næst Íslandi þegar litið er til aldurshópsins 25-29 ára, en þar hækkuðu tekjur eftirlaunaþega umtalsvert meira en á Íslandi. Mynd 1 sýnir einnig að eftirlaunaþegar hækkuðu langt umfram meðaltalið á Bretlandi, eða yfir 60%, á meðan hópurinn 25-29 ára lækkaði hlutfallslega um 2%.

² Ef t.d. ráðstöfunartekjur hafa að meðaltali hækkað um 100% yfir tímabilið, en ráðstöfunartekjur í aldurshópnum 25-29 ára hafa hækkað um 80%, þá hefur sá aldurshópur lækkað um 10% miðað við meðaltal ($1,8/2=0,9$).

³ Þetta er að sjálfsögðu ekki sama fólkið á báðum tímupunktum: Svo dæmi sé tekið voru þeir, sem voru 25-29 ára árið 1990, 30 árum eldri, eða 45-49 ára, árið 2010. Engu að síður er stundum vísað til þróunar tiltekins aldurshóps og þá átt við hlutfallslegrar breytingar á tekjum fólks á sama aldri á tveimur tímupunktum, miðað við meðaltal.

Mynd 1. Hlutfallsleg breyting ráðstöfunartekna aldurshópa umfram meðaltal í nokkrum löndum




Myndin byggir á gögnum frá The Guardian (Barr og Malik, 2016a) og Hagstofu Íslands

Mynd 2 ber saman þróun aldurshópa á Íslandi og Bretlandi með sambærilegum hætti og er gert á mynd 1, nema hvað þar eru aldurshópar í fimm ára bilum sýndir, allt frá 20-24 ára til 75-79 ára. Þann fyrirvara verður að setja við myndina að bresku tölurnar, sem teknar eru úr umfjöllun The Guardian (Barr og Malik, 2016b) taka til tímabilsins 1979-2010, en þær íslensku til tímabilsins 1990-2010. Þróunin er lík í þessum nágrannaríkjum að því leyti að yngsti hópurinn lækkar mest, um 24% á Ísland og 33% á Bretlandi.⁴ En síðan verður þróunin frekar ólík. Á Íslandi minnkar munurinn jafnt og þétt þar til hann snýst við þegar komið er að hópnum 35-39 ára, sem þróast svipað og meðaltalið. Tekjur eldri hópa hækkuðu svo umfram meðaltalið í nokkrum stíganda sem náði hámarki fyrir 60-64 ára, sem hækkuðu um rúm 9% umfram meðaltalið. Svo minnkar munurinn aftur og 70-74 ára höfðu lækkað lítið eitt miðað við meðaltalið. Á Bretlandi er þetta mynstur mun óreglulegra, en þar hækkuðu hóparnir 30-34 ára og 35-39 ára töluvert, sem og fólk eldra en 55 ára, meðan miðhóparnir, 40-54 ára, lækkuðu. Þessi ólíka þróun kann að stafa af því að lífeyriskerfin hafa þróast með ólíkum hætti í löndunum. Það má geta sér þess til að lífeyriskjör á Bretlandi árið 1979 hafi ekki verið orðin jafngóð og á Íslandi árið 1990, en þá var uppbygging íslenska lífeyrissjóðakerfisins komin vel á veg.

⁴ Eins og í mynd 1 er miðað við hlutfallslega þróun miðað við meðaltal ráðstöfunartekna á hverjum tíma.

Mynd 2. Hlutfallsleg breyting ráðstöfunartekna aldurshópa umfram meðaltal á Bretlandi og Íslandi



Myndin byggir á gögnum frá The Guardian (Barr og Malik, 2016b) og Hagstofu Íslands


Rétt er að benda á að myndir 1 og 2 segja ekkert til um það hversu „réttlátar“ þessi mismunandi þróun aldurshópanna er. Hafi t.d. tekjuskiptingin verið mjög ósanngjörn árið 1979 í Bretlandi í þeim skilningi að lífeyrisþegar hafi borið skarðan hlut frá borði þá var væntanlega sanngjarnt frá sjónarmiði tekjuskiptingar að rétta hlut þeirra. Til að meta þetta þarf að bera saman tekjur eftir aldri á mismunandi tíma. Þetta er gert á mynd 3, sem sýnir ráðstöfunartekjur mismunandi aldurshópa á Íslandi árin 1990 og 2014 sem hlutfall af meðaltali ráðstöfunartekna á hverjum tíma.⁵ Myndin sýnir sömu þróun fyrir Ísland og mynd 2, en yfir lengra tímabil – hún nær til ársins 2014 í stað 2010 áður – og með annari framsetningu. Myndin gefur einnig upplýsingar um innbyrðis stöðu hópa á hverjum tíma, ólíkt myndum 1 og 2.

Mynd 3 sýnir almenna framvindu í tekjum eftir aldri eins og búast má við, þ.e. yngsti hópurinn byrjar í tiltölulega lágum tekjum sem síðan vaxa með aldri að hámarki um miðjan aldur, en lækka síðan eftir þann aldur. Hér er slík framvinda skoðuð fyrir tvö ár, 1990 og 2014. Myndin staðfestir að yngri hóparnir hafa lækkað hlutfallslega miðað við meðaltalið á undanförunum aldarfjórðungi, en þeir eldri hafa hækkað, myndin gefur til kynna skörp skil við aldurinn 40-44 ára og eftir það þegar súlur hvers aldurshóps eru bornar saman yfir tíma. Þannig voru 20-24 ára með um 74% af meðaltekjum árið 1990 en höfðu lækkað í 56% árið 2014; 25-29 ára voru nánast í meðaltekjum, en höfðu fallið í 80% árið 2014; 30-34 ára voru 14% yfir meðaltekjum árið 1990, en féllu í meðaltekjur. Hæstu tekjum nær fólk nú á aldrinum 45-49 ára, en ekki við 40-44 ára aldur eins og var árið 1990.

Munur er á þeirri þróun sem sýnd er myndum 2 og 3 að því leyti að 35-39 ára hafa lækkað miðað við meðaltalið á mynd 3, ekki hækkað eins og á fyrri myndinni. Þessi hópur hefur því dregist aftur úr meðaltalinu síðustu fimm árin. (Sama gildir um hópinn 25-29 ára.)

⁵ Héðan í frá í skýrslunni verður alfarið fjallað um íslensk gögn.

Mynd 3. Ráðstöfunartekjur aldurshópa sem hlutfall af meðaltali ráðstöfunartekna, 1990 og 2014




Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands

Mynd 4 sýnir þróun á kaupmætti ráðstöfunartekna eftir aldri yfir tímabilið 1990-2014. Frá upphafi, til ársins 1997, hreyfast ferlarnir nánast alveg í sama takti. Eftir það verður framvindubrot þar sem eldri hóparnir taka verulega fram úr þeim yngri og verður bilið sífellt meira fram að fjármálakreppunni. Það dregur verulega úr bili milli hópa eftir það, en þó með þeim hætti að elstu hóparnir halda sínu forskoti.

Á þessu tímabili hækkuðu ráðstöfunartekjur að meðaltali um 40%. Hækkunin var nokkuð misjöfn eftir hópum: Fólk á aldrinum 35-64 ára, hækkaði um 50%. Kaupmáttur yngsta hópsins, 20-24 ára, hækkaði um 7%, 25-29 ára hækkuðu um 13% í kaupmætti og 30-34 ára um 27%.

Vert er að hafa í huga að ráðstöfunartekjur ná til allra tekna sem heimilin hafa, þ.m.t. atvinnutekjur, sem eru aðallega laun, og fjármagnstekjur. Við bætast tilfærslur á borð við vaxtabætur og barnabætur og skattar koma til frádráttar. Verulegur hluti þeirrar hækkunar sem varð á tekjum eldri hópa árin 2005-2008 kom til vegna fjármagnstekna. Þær nánast hurfu með fjármálakreppunni 2008.

Ennfremur skal á það bent að námslán teljast ekki til tekna og þau eru því ekki meðtalin í þessum samanburði. Þetta hefur mest áhrif á tekjur yngri hópa, þar sem hátt hlutfall hefur framfærslu af námslánnum.

Mynd 4. Kaupmáttur launa og ráðstöfunartekna eftir aldri⁶


Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands

Þróun eftir kynjum

Þegar litið er til tekjudreifingar karla og kvenna kemur í ljós að þrátt fyrir að þær hafi sömu almennu lögun og dreifing tekna í heild (mynd 3) þá hafa þær breytingar sem lýst er hér að framan komið misjafnlega fram. Þannig kemur fram á mynd 5 að ráðstöfunartekjur yngstu hópa karla hafa lækkað hlutfallslega – og mjög mikið í yngstu hópunum – meðan það er aðeins yngsti hópur kvenna sem lækkar. Þessi munur milli kynjanna endurspeglar samfélagslegar breytingar sem orðið hafa á þessu árabili, meðal annars aukna atvinnuþátttöku kvenna, þar sem hlutfall kvenna sem eru í fullu starfi hækkaði úr 37% í 50% árin 1991-2015, en einnig aðra þætti, eins og minni kynbundinn launamun og að konur hafa sótt sér háskólamenntun í ríkari mæli en karlar eftir því sem liðið hefur á tímabilið.

⁶ Gögn Hagstofu Íslands ná aðeins til ársins 2014. Til samanburðar sýnir myndin einnig vísitölu kaupmáttar launa. Vísitalan hækkaði um 5,4% árið 2015 og því til viðbótar um 6,2% til miðs árs 2016.


Mynd 5. Ráðstöfunartekjur aldurshópa sem hlutfall af meðaltali ráðstöfunartekna karlar og konur



Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands

Breytingin á tekjum karla og kvenna kemur enn skýrar fram þegar tekjur aldurshópanna eru settar fram fyrir hvort ár fyrir sig eins og gert er á mynd 6. Árið 1990 fóru tekjur karla nálægt því að tvöfaldast frá 20-24 ára að 40-44 ára aldri; fóru úr um 90% af meðaltekjum í 170%. Tekjur kvenna hækkðu mun minna með aldri, fóru úr 60% við 20-24 ára aldur í 85% þegar 40-44 ára aldri var náð. Tekjur eftir aldri eru mun líkari hjá kynjunum nú. Engu að síður eiga konur enn nokkuð í land með að ná körlum í ráðstöfunartekjum í nánast öllum aldurshópum. Að einhverju leyti stafar munurinn af því að þrátt fyrir aukna atvinnuþátttöku eru konur enn utan vinnumarkaðar í meira mæli en karlar (21% á móti 14%) og hlutfallslega fleiri konur en karlar eru í hlutastörfum (26% á móti 11%). Atvinnuleysi er nánast hið sama meðal karla og kvenna.⁷ Myndirnar sýna jafnvel enn betur en að ofan hvernig dreifingarnar nálgast yfir tíma.

Mynd 6. Ráðstöfunartekjur aldurshópa sem hlutfall af meðaltali ráðstöfunartekna árin 1990 og 2014



Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands

Tekjuferlar árganga

Greiningin hér að framan beinist að tekjudreifingu eftir aldri á tveimur tímamörkum, árin 1990 og 2014. Hér verður sjónum beint að því hvernig einstakir árgangar ákveðins

⁷ Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands.

aldurshóps (25-29 ára) hafa þróast yfir tíma og hvort breyting hefur orðið þar á. Aldurshóparnir í gögnunum eru á fimm ára bilum og því er ekki horft á árganga hvers árs, heldur er skoðað hvernig aldurshópur sem er á bilinu 25-29 ára á tilteknu ári þróast næstu fimm ár, svo fimm árum síðar o.s.frv.⁸ Fimm slíkum hópum er fylgt eftir á mynd 7. Fyrsti hópurinn var 25-29 ára árið 1990 og er merktur með því ártali; köllum þetta 1990-hópinn. Hópnum er síðan fylgt eftir til loka tímabilsins á fimm ára bilum: Næsta mæling fyrir hann er 1995 þegar hann er 30-34 ára, síðan 2000 þegar hann er 35-39 ára og svo koll af kolli þar til 1990-hópurinn er orðinn 50-54 ára í síðasta punkti ferilsins. (Raunar er síðasta árið 2014, ekki 2015 eins og ætti að vera, sem þýðir að samsetning hópsins breytist lítið eitt í síðustu mælingunni og því er skekkja í síðasta punkti hvers ferils; hún er þó væntanlega fremur lítil.) Næsti hópur var 25-29 ára árið 1995. Fyrsti punkturinn fyrir 1995-hópinn er sýndur á sama stað miðað við x -ás og fyrsti punkturinn fyrir 1990-hópinn. Með sama lagi og áður er hópnunum svo fylgt eftir á fimm ára bilum til loka tímabilsins. Mælingarnar verða einni færri en fyrir 1990-hópinn. Ferlarnir eru allir gerðir á þennan sama veg. Síðasti hópurinn var 25-29 ára árið 2010 og því eru aðeins tvær mælingar fyrir hann, þ.e. fyrir árin 2010 og 2014.


Tekjuferlarnir eru augljóslega ófullkomnir fyrir yngri aldurshópana – tekjur þeirra eru enn að hækka og ekki hægt að spá nákvæmlega fyrir um það hvernig þær eiga eftir að þróast. Hins vegar er ljóst að hóparnir byrja neðar í tekjudreifingunni eftir því sem yngri hópar eru skoðaðir og það líður á tímabilið. Ein undantekning er á þessu: 2010-hópurinn byrjar ofar en 2005-hópurinn. Þetta helgast af því að árið 2005 höfðu meðaltekjur 40 ára og eldri hækkað langt umfram meðaltekjur þeirra sem yngri voru þá (sbr. mynd 4). Þetta skýrir einnig brotið sem verður við 30-34 aldur hjá 2000-hópinum. Þetta misgengi aldurshópanna gekk svo til baka að mestu í kreppunni 2008-2010.

Það má einnig lesa það út úr myndinni að tekjuferlarnir eru brattari en áður – þ.e. fólk virðist hækka hraðar með aldri en áður var – og leita í svipað hlutfall af meðaltekjum þegar nálgast þann aldur sem fólk nær hámarkstekjum. Hámarkið næst þó síðar í yngri árgöngum, það var við 40-44 ára aldur hjá 1990-árganginum, en 1995-árgangurinn var enn að hækka milli 2010 og 2014, var kominn yfir hlutfallslegar tekjur 1990-árgangsins við sama aldur árið 2014 og ekki útséð um að hann eigi ekki eftir að hækka enn meira. Það má geta sér þess til að 2000- og 2005-árgangarnir eigi eftir að þróast með svipuðu móti – þeir leita í átt að ferlunum fyrir eldri hópana – þó auðvitað sé ekki hægt að fullyrða um það.

Mynd 7 bendir til þess að ferill ævitekna einstaklinga sé að breytast í þá átt að fólk byrji almennt með lægri tekjur (hlutfallslega) en áður, en tekjurnar aukist síðan hraðar með aldri og hækkunin vari lengur, líkt og kenningar um fjárfestingu í mannauði gera ráð fyrir. Fólk nær því hámarkstekjum við hærri aldur en áður var. Þegar borin voru saman gögn fyrir 1990 og 2014 (sbr. mynd 3) var hækkun eldri hópa veruleg. Það bendir til þess að tekjuferlar yngri hópanna muni lækka minna en áður var, þegar þeir verða komnir yfir miðjan aldur.

⁸ Sambærilegir ferlar voru gerðir fyrir aldurshópa sem voru 20-24 ára í upphafi og einnig fyrir þá sem voru 30-34 ára. Þeir ferlar sýna svipaða mynd og ferlarnir sem byrja við 25-29 ára aldur.

Mynd 7. Tekjuferlar árganga
Ráðstöfunartekjur sem hlutfall af meðaltekjum á hverjum tíma
Ferlarnir hefjast við 25-29 ára aldur



Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands

Þróun greind eftir aldri, kyni, sambúðarformi og fjölskyldugerð

Mynd 8, á næstu síðu, setur fram greiningu á breytingum ráðstöfunartekna hópa í samanburði við breytingar almennra ráðstöfunartekna. Breytingarnar eru frá 1993 og flokkað er eftir aldri, kyni, sambúðarformi og fjölskyldugerð. Ef skoðaður er t.d. sá hluti aldurshópsins 21-25 ára sem eru einhleypir barnlausir karlar fyrir árið 2015 er það merkt með rauðu (dökkur í útprentun) og talan -23% gefur það til kynna að þessi hópur hefur ekki náð að fylgja þróun meðalráðstöfunartekna frá 1993 og þar vantar 23% uppá.

Allar tölur eru merktar eftir stærð frá dökkum til ljósra (yfir -10, undir -10, 0, að +10, yfir +10). Myndin gefur glögglega til kynna hve skilin eru skörp milli yngri og eldri hópa, milli barnlausra og barnafólks og milli kvenna og karla. Það er t.d. einungis einhleypir barnlausir karlmenn á aldrinum 60-65 ára mitt í bólunni sem hlutu umtalsverða aukningu umfram meðaltal árið 2005. Þessi þróun hefur síðan gengið til baka og var drifin af efstu tífund þessa hóps í gögnunum. Það er ekki hægt að bera saman karla og konur í hópi samskattaðra, einfaldlega vegna þess hvernig gögnin eru meðhöndluð líkt og áður greinir (kafli 3). Það er hins vegar áberandi þegar einstaklingar eru skoðaðir að kjör kvenna hafa batnað umfram kjör karla, þ.e. þau dragast minna saman í yngri aldurshópunum og aukast meira í eldri aldurshópunum. Það rímar við greiningu eftir kynjum hér að framan.

Í stuttu máli staðfestir þessi greining fyrri niðurstöður um áhrif aldurs og kyns, en sýnir einnig að barnlausir standa verr í samanburði við barnafólk. Ekki er mikill munur á þróun einhleypra og samskattaðra.

Mynd 8. Hlutfallsbreytingar einstakra hópa framteljenda umfram meðalbreytingar ráðstöfunartekna frá 1993 til 2000, 2005, 2010 og 2015 fyrir aldurshópa 21-70, einstæðir, samskattaðir með og án barna

KK (1)/KVK (2)	21-25				26-30				31-35				36-40				41-45				46-50				51-55				56-60				61-65				66-70							
	00	05	10	15	00	05	10	15	00	05	10	15	00	05	10	15	00	05	10	15	00	05	10	15	00	05	10	15	00	05	10	15	00	05	10	15	00	05	10	15				
1	BARNLAUSIR				EINHLEYP- INGUR				SAMSKATTA ÐIR				SAMSKATTA ÐIR				SAMSKATTA ÐIR				SAMSKATTA ÐIR				SAMSKATTA ÐIR				SAMSKATTA ÐIR				SAMSKATTA ÐIR				SAMSKATTA ÐIR							
1	-2%	-22%	-23%	-23%	-3%	-20%	-16%	-24%	-6%	-18%	-17%	-23%	-4%	-11%	-10%	-18%	-10%	1%	-9%	-14%	-7%	-16%	-7%	-8%	-4%	-3%	-8%	-5%	-4%	-2%	2%	-4%	-2%	58%	6%	10%	-7%	-10%	3%	2%				
2	-3%	-22%	-15%	-11%	-4%	-20%	-12%	-17%	-6%	-14%	-6%	-14%	-12%	-17%	-6%	-15%	-10%	3%	-4%	-14%	-2%	-7%	4%	-4%	1%	-6%	5%	5%	-9%	0%	9%	6%	-11%	-4%	7%	8%	-16%	2%	0%	-1%				
1	-7%	-23%	-18%	-22%	-2%	-17%	-13%	-14%	-3%	-13%	-12%	-13%	-4%	-14%	-4%	-17%	-11%	-6%	-14%	-18%	3%	7%	0%	1%	5%	11%	5%	13%	2%	30%	8%	13%	2%	13%	8%	16%	-6%	12%	3%	12%				
2	-5%	-23%	-16%	-20%	0%	-15%	-12%	-14%	0%	-7%	-8%	-11%	-10%	-8%	-8%	-18%	-6%	-9%	-9%	-11%	2%	6%	-1%	2%	5%	23%	7%	13%	4%	25%	11%	18%	-3%	13%	9%	17%	-5%	2%	2%	14%				
1	MED BÖRN				EINHLEYP- INGUR				SAMS- SKATTADR				SAMS- SKATTADR				SAMS- SKATTADR				SAMS- SKATTADR				SAMS- SKATTADR				SAMS- SKATTADR				SAMS- SKATTADR				SAMS- SKATTADR							
1	-7%	-23%	-12%	-10%	-2%	-14%	-9%	-16%	-8%	-12%	-6%	-13%	0%	16%	-4%	-3%	0%	39%	-1%	2%	-6%	9%	-3%	-7%	-7%	-6%	-4%	0%																
2	6%	-10%	4%	-1%	9%	-7%	5%	-2%	11%	-6%	10%	0%	13%	0%	17%	8%	13%	-1%	19%	13%	9%	0%	15%	19%	14%	22%	26%	23%																
1	-5%	-22%	-9%	-12%	-2%	-15%	-5%	-11%	1%	-3%	1%	-3%	2%	2%	7%	3%	2%	5%	7%	11%	4%	11%	14%	16%	4%	8%	12%	18%	13%	14%	23%	26%												
2	-6%	-21%	-10%	-13%	-1%	-10%	-3%	-9%	3%	-2%	3%	0%	0%	4%	9%	4%	1%	7%	8%	12%	8%	11%	13%	21%	7%	15%	17%	20%	19%	24%	43%	41%												

Myndin byggir á gögnum frá ríkisskattstjóra

5. Hugsanlegir áhrifaþættir

Í þessum kafla verður reynt að varpa ljósi á ýmsar samfélagslegar og efnahagslegar breytingar sem hugsanlega hafa haft áhrif á þá þróun ráðstöfunartekna aldursþópna, sem lýst er hér á undan. Fyrst verður litið til þess hvort skatta- og bótakerfi hafi haft áhrif, síðan horft á umfang og sókn í háskólanám, stöðu á vinnumarkaði og stofnun sambúðar. Það ber að undirstrika að hér er ekki hægt að fullyrða um orsakasamhengi milli ráðstöfunartekna og þeirra þátta sem verða skoðaðir. Það er flókið samspil þátta sem um ræðir þar sem erfitt getur verið að greina á milli orsakar og afleiðingar. Í sumum tilvikum – t.d. varðandi aldur við stofnun sambúðar, sem hefur farið hækkandi – er líklegt að um hvort tveggja sé að ræða. Síðan hafa breytt viðhorf yngstu hópanna, sem hafa verið mæld í erlendum rannsóknum, en ekki liggja fyrir upplýsingar um fyrir Ísland, líklega einnig áhrif.⁹

Gögnin sem stuðst er við í þessum kafla eru í flestum tilvikum sótt á vef Hagstofu Íslands. Þau ná til mismunandi langs tíma, en í öllum tilvikum eru sýnd gögn eins langt aftur og fánleg gögn leyfa.


Áhrif skatta- og bótakerfa

Í upphafi er eðlilegt að spyrja hvort rekja megi þá þróun sem kom fram í fyrri kafla til skatta- og bótakerfa. Umfang fullkominnar rannsóknar á þessari spurningu felur í sér gerð eiginlegra kynslóðareikninga. Ekki eru tók á því hér að gera slíka greiningu heldur verður aðeins litið til áhrifa þessara kerfa í heild. Aðferðin sem hér er beitt felur í sér að skoða hvernig hlutfall ráðstöfunartekna og atvinnutekna hefur breyst yfir tíma. Ráðstöfunartekjur fela í sér allar tekjur og bætur að frádregnum sköttum. Atvinnutekjur eru þrengra afmarkaðar og samanstanda að mestu af launatekjum áður en skattar hafa verið dregnir frá. Til að nálgja áhrif skatta og bóta er hér litið til hlutfalls þessara tveggja tekjubátta og er það sýnt yfir tíma á mynd 9.

Framan af hreyfast ferlarnir í svipuðum takti og falla saman árin 1997-1998. Eftir það verður framvindubrot þar sem hlutfallið hækkar verulega hjá eldri hópunum umfram þá yngri og verður bilið sífellt meira fram að fjármálakreppunni. Greiningin leiðir þannig í ljós töluverðar sveiflur í hlutfalli ráðstöfunartekna og atvinnutekna. Væntanlega má skýra þessar sveiflur í meginatriðum með breytingum á fjármagnstekjum, annars vegar, og á skatta- og bótakerfum hins vegar. Sennilega er hið fyrra ráðandi á tímabilinu 2002-2008. Utan þess tímabils er líklegt að skatta- og bótakerfi ráði úrslitum, einkum þegar litið er til tímabilsins 2011-2014, þar sem áhrif fjármagnstekna á þeim tíma voru hlutfallslega lítil. Þegar þetta tímabil er rýnt frekar sést hvernig hlutfallstala yngsta hópsins hækkar umfram aðra hópa. Þarna eru sveiflujöfnunaráhrif skattkerfisins að verki þar sem skattbyrði lækkar hjá þeim sem hafa minni tekjur. Þessi áhrif fjara út eftir því sem tekjur hækka. Allir hóparnir eru á svipuðu róli undir lok tímabilsins og þeir voru í upphafi. Það er líka athyglisvert hvernig hóparnir standa nú svipað og þeir gerðu við upphaf hagvaxtarskeiðsins á 10. áratug síðustu aldar. Þegar litið er á upphaf og lok tímabilsins 1990-2014 þá bendir allt til þess að áhrif skatta- og bótakerfa hafi verið lítil og fremur í þá átt að bæta kjör yngstu hópanna. Skýringa á lakari stöðu þeirra er því að öllum líkindum ekki að leita í þeim kerfum.

⁹ Sjá t.d. Council of Economic Advisers (2014) og Winograd og Hais (2014).

Mynd 9. Hlutfall ráðstöfunartekna (þ.m.t. fjármagnstekna) og atvinnutekna (þ.m.t. launatekna)



Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands

Umfang og sókn í háskólanám


Ætla má að háskólanám hafi áhrif á tekjur fólks, bæði meðan á því stendur og eftir að því er lokið. Fyrst verður vikið að því hvernig sókn í háskólanám hefur breyst á undanförunum árum. Mynd 10 sýnir hlutfall af hverjum fimm ára aldursþópi, saman og greint eftir kynjum, sem var í háskólanámi árin 1997 – fyrsta ár sem gögn liggja fyrir um hjá Hagstofu Íslands – og 2014. Tvöföldun hefur orðið á þessu hlutfalli – úr rúmum 10% í 20% – þegar litið er til hópsins 20-34 ára í heild (sjá kassa lengst til hægri). Aukningin er töluvert meiri meðal kvenna en karla. Mun herra hlutfall í yngri hópnum stundar nú háskólanám en áður. Það má geta sér þess til að aukningin frá árinu 1990 sé enn meiri en þessar tölur gefa til kynna.

Aukningin er mest í yngsta hópnum, þar sem 10 prósentustigum fleiri en áður stunda nú háskólanám; enn er aukningin meiri meðal kvenna en karla. En það hefur einnig orðið veruleg breyting meðal 30-34 ára; þar voru fáir í háskólanámi árið 1997, u.þ.b. 3%, en hlutfallið hefur hækkað í 10% á þessum 14 árum.

Það kemur vart á óvart, þegar mynd 10 er höfð í huga, að hópur þeirra sem hefur lokið háskólanámi hefur stækkað verulega á þessu tímabili. Þetta sést á mynd 11, þar sem sýnt er með línunum að hlutfall háskólamenntaðra meðal 25-29 ára og 30-34 ára hækkaði um 10 prósentustig – úr 25% í 35% í yngri hópnum og úr 32% í 42% í eldri hópnum – á áratugnum 2003-2013.¹⁰ Súlurnar á myndinni sýna frávik frá meðaltalinu hjá konum og

¹⁰ Þetta er tímabilið sem gögn Hagstofu Íslands um menntun þjóðarinnar ná til. Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar sýnir einnig fjölda háskólamenntaðra á vinnumarkaði, en ekki eftir aldri. Þar hækkar hlutfallið úr 22% árið 2003 í 28% árið 2013, sem stemmir í grófum dráttum við mynd 11. Hlutfall háskólamenntaðra á vinnumarkaði rúmlega þrefaldaðist frá 1991 til 2015, sem þýðir væntanlega að


körlum. Konur liggja 8-9 prósentustigum yfir meðaltalinu meðan karlar liggja samsvarandi undir því.



Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands

breytingin hjá þeim aldurshópum sem sýndir eru á mynd 8 hefði mælst meiri ef litið hefði verið til tímabilisins 1990-2015.

Mynd 11. Hlutfall háskólamenntaðra eftir aldurshópum, 2003-2013



Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands


Það eru tveir kraftar að verki hér sem ætla má að togi ráðstöfunartekjur í andstæðar áttir yfir tíma. Annars vegar má reikna með að þeir sem stunda háskólanám hafi lægri tekjur meðan á náminu stendur, en hins vegar er almennt reiknað með því að háskólamenntun skili tekjuávinningi eftir að því er lokið.

En hve mikill er sá ávinningur og hvernig hefur hann breyst í gegnum tíðina? Mynd 12, sem byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands fyrir árin 2004-2015, svarar þeim spurningum að einhverju leyti. Myndin sýnir hlutfallslegan mun á miðgildi ráðstöfunartekna milli þeirra sem eru með háskólamenntun og þeirra sem eru með grunnmenntun. Jafnframt er sýndur samsvarandi munur milli þeirra sem eru með framhalds- og starfsmenntun og grunnmenntun. Engum blöðum er um það að fletta að tekjur eru hærri hjá þeim sem eru með háskólamenntun. Hins vegar hefur þessi ávinningur – ef reiknað er með að hann komi til vegna menntunarinnar – minnkað verulega á þessum áratug sem gögn liggja fyrir um. Þannig var tekjumunurinn 39-40% árin 2006-2008, en hann minnkaði verulega í kreppunni 2009-2010, hefur haldið áfram að minnka og var kominn í 23% árið 2015. Að einhverju leyti kann þetta að endurspeglar þá þróun að háskólamenntaðir hafa ekki notið uppsveiflunnar á vinnumarkaði á undanförmum árum: Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands var einn af hverjum tíu atvinnulausum með háskólamenntun árið 2007, en árið 2015 voru meira en einn af hverjum fimm atvinnulausum með háskólamenntun. Svo virðist sem sköpun nýrra starfa við hæfi háskólamenntaðra hafi ekki haldið í við fjölgun þeirra og tekjuávinningur menntunar því minnkað. Í þessu felst áskorun fyrir íslenskt samfélag.

Það er raunar athyglisvert að tekjuávinningur af framhalds- og starfsmenntun umfram grunnmenntun lækkaði einnig árið 2015, en hafði verið stöðugur, 10-12%, fram að því.

Lægri tekjur háskólamenntaðra (mynd 12) vega því á móti áhrifum af viðtækari háskólamenntun fólks á aldrinum 25-34 ára (mynd 11). Þegar upp er staðið má áætla að áhrifin af aukinni menntun á tekjur aldurshópsins í heild séu lítillega neikvæð.¹¹

Mynd 12. Hlutfallslegur munur á miðgildi ráðstöfunartekna milli framhalds- og starfsmenntunar og grunnenntunar og milli háskóla- og grunnenntunar, 2004-2015



Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands

Þegar litið er til framangreindra atriða má e.t.v. setja fram lauslega kenningu um samspil háskólamenntunar og ráðstöfunartekna fólks á aldrinum 20-34 ára:

- Yngsti hópurinn, 20-24 ára, er nú í mun meira mæli í háskólanámi en áður. Það má skýra (hlutfallslega) lægri tekjur þessa hóps að töluverðu leyti út frá þessari þróun.
- Þegar komið er í eldri hópana, 25-29 ára og 30-34 ára, þá dragast tekjurnar enn niður, miðað við það sem áður var, af herra hlutfalli þeirra sem stunda nám, þótt í minna mæli sé en í yngsta hópnum. Ráðstöfunartekjur þeirra sem ekki eru í námi í þessum hópum eru svipaðar og áður, þrátt fyrir aukna háskólamenntun.
- Þetta skilar sér í verulegri (hlutfallslegri) lækkun ráðstöfunartekna 20-24 ára. Hóparnir 25-29 ára og 30-34 ára lækka einnig, en lækkunin er stigmínkandi

Það er ekki hægt að fullyrða að þetta sé undirliggjandi samspil, en það virðist líklegt út frá fyrirliggjandi gögnum og samrýmist þeirri þróun ráðstöfunartekna sem lýst var í kafla 4. Ekki er heldur hægt að fullyrða að þessi áhrif séu ráðandi í framvindunni þó þau séu til staðar.


¹¹ Munur á ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra og heildarinnar (á mælikvarða miðgildis) hefur minnkað úr 25-28% 2004-2008 í 14% árið 2015.

Staða á vinnumarkaði

Mynd 13 byggir á tölum frá Vinnuálastofnun og sýnir hlutdeild aldurshópa í atvinnuleysi á hverjum tíma. Ekki er merkjanleg breyting á stöðu yngsta hópsins, 20-24 ára, á þessu tímabili. Hlutdeild hans sveiflast reyndar töluvert en leikur á bilinu 10-17% yfir tímabilið. Hins vegar hefur staða hópanna 25-29 ára og 30-39 ára heldur versnað á þennan mælikvarða.¹² Sérstaklega er þetta áberandi þegar lítið er til fólks á aldrinum 30-39 ára – hlutdeild þeirra hækkaði úr 15% árið 1986 í næstum 30% árið 2016. Megnið af hækkuninni á sér stað frá 2007 til 2016. Fjöldi í þessum hópi fjórfaldaðist á þessum árum meðan fjöldi atvinnulausra í heild tvöfaldaðist. Þetta þýðir ekki að atvinnulausum í þessum hópi hafi fjölgað allra síðustu ár – hann náði hámarki árið 2009 þegar fjöldi atvinnulausra í heild var rúmlega 15.000, þar af 3.600 á aldrinum 30-39 ára. En það hefur fækkað hægar í þessum hópi heldur en í hópi atvinnulausra í heild og enn eru um 1.400 á þessum aldri á atvinnuleysissskrá.

Minna má á að hlutdeild háskólamenntaðra í atvinnuleysi (samkvæmt Hagstofu Íslands) tvöfaldaðist á árunum 2007-2015. Sennilega endurspeglar þróunin í aldurshópnum 30-39 ára að einhverju leyti þá þróun.

Mynd 13. Hlutdeild aldurshópa í atvinnuleysi, 1986-2016



Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands


Fyrirliggjandi gögn eru heldur fábrotin að því er varðar atvinnuþáttöku og stöðu á vinnumarkaði eftir aldri. Hagstofa Íslands birtir að vísu yfirlit um stöðu á vinnumarkaði eftir aldri fyrir tímabilið 1991-2015, en flokkunin er svo gróf (16-24, 25-54, 55-74) að hún kemur að litlu gagni hér. Það verður því að láta staðar numið hér varðandi þennan þátt.

Stofnun sambúðar

¹² Tölur Vinnuálastofnunar koma í þessari aldursflokkun.

Það hvenær fólk ákveður að hefja sambúð ræðst að einhverju leyti af efnahagslegum og félagslegum þáttum – tekjum, aðgangi að húsnæði o.fl. – en líklegt er að ákvörðunin sem slík hafi einnig áhrif á tekjur. Meðal barnlausra einstaklinga, hafa þeir sem eru í sambúð hærri tekjur en þeir sem eru einhleypir, hvort sem það stafar af því að fólk hefur sambúð þegar það hefur efnahagslega stöðu til þess, eða að það hefur sambúð og aflar síðan tekna sem til þarf til að reka heimili; það má geta sér þess til að hvort tveggja komi til.

Mynd 14 sýnir meðalaldur fólks sem stofnaði til fyrstu sambúðar árin 1991-2011. Fólk var að jafnaði 4 árum eldra árið 2011 þegar það stofnaði til sambúðar, en árið 1991. Ekki er ósennilegt að munurinn hafi aukist um 1 ár til viðbótar síðan 2011, þ.e. að konur stofni til fyrstu sambúðar við 29 ára aldur að jafnaði og karlar við 31 árs aldur; fyrir aldarfjórðungi voru konur 24 ára við stofnun fyrstu sambúðar og karlar 26 ára.



Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands


6. Staða á húsnæðismarkaði

Eitt af þeim atriðum sem hafa verið í brennidepli að undanfögnu þegar kemur að aðstæðum ungs fólks eru húsnæðismál. Reynslan sýnir að sterk tengsl eru milli kaupmáttar ráðstöfunartekna og húsnæðisverðs. Ef einstakir hópar dragast aftur úr í kaupmætti getur það því leitt til þess að húsnæðis kaup verða þeim erfið. Vert er í þessu sambandi að hafa í huga mynd 4, sem sýndi misjafna þróun kaupmáttar yfir tíma eftir aldri og að yngri hópar hafa setið eftir í þeirri þróun.

Umfjöllunin hér á eftir byggir m.a. á gögnum frá Hagstofu Íslands sem sýna húsnæðisaðstæður aldurshópa yfir tíma. Gögnin ná því miður ekki lengra til baka en til ársins 2004. Mynd 15 sýnir aldursbilið 25-29 ára. Skiptingin er þríþætt: Eigið húsnæði, leiguhúsnæði og foreldrahús. Á myndinni sést hvernig samsetningin er að breytast yfir tíma. Yfir allt tímabilið er þung undirald í þá átt að hlutdeild eigin húsnæðis minnki. Hröðust er þróunin meðan fjármálakreppan reið yfir. Lækkunin virðist stöðvast árið 2011 og einhver viðsnúningur hafa orðið síðustu ár.

Tafla 1 gefur fyllri mynd af öllum yngstu hópnum. Ljóst er að í yngsta hópnum (20-24) hefur hlutur eigin húsnæðis nær helmingast yfir allt tímabilið. Lækkunin kemur fram í tilfærslu yfir í leiguhúsnæði og í því að fólk býi lengur í foreldrahúsum. Fyrir aldurshópinn 30-34 ára er þróunin ekki jafn sviþleg en þar hefur hlutur eigin húsnæðis engu að síður dregist saman um næstum fjórðung yfir allt tímabilið og hlutur leiguhúsnæðis og foreldrahúsa u.þ.b. tvöfaldast. Þess ber að geta að gögnin eru fengin með úrtaki og þannig geta orðið sveiflur milli ára sem skýrast af mæliskekkju fremur en niðurstöðum sem kæmu fram ef gögnin byggðu á öllu þýðinu. Niðurstöðurnar eru engu að síður afdráttarlausar um hve hlutur eigin húsnæðis hefur gefið eftir í þessum aldurshópum.

Mynd 15. Staða 25-29 ára á húsnæðismarkaði



Myndin byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands

Tafla 1. Staða yngstu aldurshópa á húsnæðismarkaði


20-24 ára	%	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
		Foreldrahús	50,3%	48,1%	49,5%	50,7%	52,6%	53,5%	53,9%	54,8%	55,9%	55,2%	56,2%
Leiguhúsnæði	28,3%	25,4%	25,0%	25,8%	24,2%	31,2%	31,8%	33,5%	31,8%	30,4%	30,1%	31,7%	
Eigið húsnæði	21,4%	26,5%	25,5%	23,5%	23,2%	15,3%	14,3%	11,7%	12,3%	14,5%	13,8%	11,4%	

25-29 ára	%	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
		Foreldrahús	17,5%	14,2%	15,0%	17,6%	18,2%	15,5%	16,0%	17,1%	16,7%	18,1%	20,6%
Leiguhúsnæði	27,5%	21,6%	23,0%	24,8%	29,9%	32,4%	40,6%	49,3%	49,9%	48,7%	41,9%	41,7%	
Eigið húsnæði	54,9%	64,2%	62,0%	57,6%	51,9%	52,2%	43,4%	33,6%	33,3%	33,2%	37,5%	36,8%	

30-34 ára	%	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
		Foreldrahús	4,3%	5,5%	4,7%	5,5%	6,1%	6,5%	7,4%	6,7%	5,8%	6,6%	8,6%
Leiguhúsnæði	19,1%	18,9%	20,4%	15,8%	17,3%	21,6%	23,6%	33,0%	38,9%	33,6%	33,2%	40,0%	
Eigið húsnæði	76,6%	75,7%	75,0%	78,8%	76,6%	71,9%	69,0%	60,2%	55,3%	59,8%	58,2%	53,0%	

Taflan byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands

Til að leita skýringa á þessari þróun má líta á samspil tekna, húsnæðisverðs og vaxta, sem eru mikilvægir áhrifaþættir þegar kemur að húsnæðis kaupum. Mynd 16 sýnir húsnæðisverð á föstu verðlagi (miðað við vísitölu neysluverðs) ásamt raunvöxtum yfir tímabilið 1990-2015. Á þessu tímabili tvöfaldaðist húsnæðisverð að raungildi. Hins vegar lækkuðu raunvextir um helming á sama tíma. Vert að benda á að á þessu árabili jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 40% að jafnaði. Aukningin var hins vegar mun minni í yngstu hópunum: 7% (20-24), 13% (25-29) og 26% (30-34).




Myndin byggir á gögnum frá Þjóðskrá Íslands, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og eigin útreikningum

Hægt er að stilla upp stílfærðu dæmi sem líkir eftir efnalegu umhverfi einstaklings á ákveðnum aldri með meðalráðstöfunartekjur þess hóps sem hyggur á dæmigerð fasteignakaup með dæmigerðu láni og 80% skuldsetningu. Á mynd 17 er skoðað yfir tíma hvernig greiðslubyrði lána í hlutfalli við meðalráðstöfunartekjur þess hóps hafa þróast þar sem tekið er tillit til þeirra vaxtakjara sem hafa verið í boði á hverjum tíma. Mynd 18 sýnir enn fremur útborgunarbyrði sömu hópa yfir tíma á sömu eign í hlutfalli við meðalráðstöfunartekjur þess hóps.


Hvað greiðslubyrði snertir (mynd 17) virðist staðan í lok tímabilsins að mörgu leyti svipuð og í upphafi tímabilsins. Þar togast á hækkun fasteignaverðs annars vegar og lækkun raunvaxta hins vegar. Það hve fasteignaverð hefur hækkað umfram ráðstöfunartekjur þessara aldurshópa sést glögglega á mynd 18. Þar leita allir ferlar upp yfir tímabilið þó hagsveiflur hafi áhrif á hallann á hverjum tíma. Þessar tvær myndir gefa til kynna að um þessar mundir virðist greiðslubyrði lána ekki vera aðalvandamálið fyrir ungt fólk heldur öllu fremur getan til að safna fyrir útborgun, sem reynist erfiðari hjalli að yfirstíga.

Mynd 17. Stílfært dæmi:
Hlutfall afborgana og vaxtagreiðslna af húsnæðisláni sem hlutfall af ráðstöfunartekjum
80% verðtryggt jafngreiðslulán til 25 ára til kaupa á 60 fm íbúð í fjölbýli á
höfuðborgarsvæðinu



Myndin byggir á gögnum frá Þjóðskrá Íslands, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og eigin útreikningum

Mynd 18. Stílfært dæmi: Hlutfall útborgunar í íbúð af ráðstöfunartekjum
20% útborgun í 60 fm íbúð í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu



Myndin byggir á gögnum frá Þjóðskrá Íslands, Hagstofu Íslands og eigin útreikningum

Framangreind umfjöllun sýnir sögulega þróun, en hún sýnir líka þá hvata sem vextir, húsnæðisverð og ráðstöfunartekjur búa til. Þeir einir og sér skýra auðvitað ekki alla þróunina líkt og áður hefur verið fjallað um og margir þættir í samspili hafa þar áhrif. Hægt er að skoða hvernig sundurgreind gögn ríkisskattstjóra sýna framvindu fyrir aldursflokka yfir tíma. Tafla 2 sýnir hvernig hlutföll á milli greiddra vaxta (nafnvextir) og ráðstöfunartekna eftir aldri, kyni og sambúðarformum hafa þróast yfir tíma. Þróunin gefur til kynna að í yngri aldurshópunum fer sífellt lægra hlutfall til greiðslu vaxta. Þar spila saman þróun raunvaxta, að hversu miklu leyti hópurinn er í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði og þróun fasteignaverðs í samspili við þróun kaupmáttar.

Tafla 2 gefur færi á tvenns konar samanburði. Annars vegar er það þróun einstakra aldurshópa yfir tíma og hins vegar er hægt að fylgja einstökum aldurshópum eftir frá árinu 2000 enda hleypur greiningin eftir það á fimm árum og aldurshópar eru á fimm ára aldursbilum. Hornalínurnar sýna dæmi um þetta, þ.e. hvernig hægt er að taka hvern hóp frá árinu 2000 og draga niðurbhallandi línu frá hverjum hópi þannig að hann hefur elst um fimm ár að þeim liðnum. Í öllum yngri hópunum hefur hlutfall greiddra vaxta af ráðstöfunartekjum lækkað. Í öðrum hópum er þróunin ekki jafn eindregin, í sumum tilfellum hefur hlutfallið hækkað og í öðrum hefur það lækkað. Það er áberandi munur milli áranna 2010 og 2015 hvað vaxtabyrði nær allra hópa hefur lækkað. Þar hefur batnandi efnahagur að öllum líkindum haft mikil áhrif.

Tafla 2. Þróun greiddra vaxta af húsnæðislánnum í hlutfalli við ráðstöfunartekjur flokkað eftir sambúðarformi, kyni og aldri yfir tíma

	1993	2000	2005	2010	2015	1993	2000	2005	2010	2015
Barnlausir	Einhleypir					Sambúðarfólk				
Karl										
21-25	2%	2%	4%	2%	1%	7%	7%	11%	7%	4%
26-30	4%	5%	6%	6%	3%	7%	7%	10%	8%	6%
31-35	5%	5%	6%	8%	5%	8%	7%	9%	9%	7%
36-40	5%	5%	6%	8%	6%	8%	7%	9%	10%	7%
41-45	5%	4%	5%	8%	7%	6%	7%	7%	10%	9%
46-50	5%	4%	5%	7%	6%	5%	6%	6%	9%	8%
51-55	4%	4%	4%	6%	6%	4%	5%	5%	8%	7%
Kona										
21-25	2%	2%	4%	2%	1%	7%	8%	10%	8%	5%
26-30	5%	6%	8%	5%	3%	7%	7%	9%	8%	6%
31-35	7%	7%	9%	8%	5%	9%	6%	9%	10%	7%
36-40	9%	7%	9%	9%	7%	8%	8%	7%	9%	8%
41-45	9%	10%	8%	10%	8%	6%	7%	7%	10%	8%
46-50	9%	9%	10%	11%	9%	4%	6%	6%	9%	8%
51-55	7%	8%	10%	11%	9%	3%	4%	4%	7%	7%
Með börn										
Karl										
21-25	4%	4%	7%	5%	3%	11%	9%	12%	7%	5%
26-30	4%	5%	9%	9%	5%	10%	9%	12%	11%	7%
31-35	5%	5%	8%	9%	7%	11%	9%	10%	12%	9%
36-40	6%	6%	6%	12%	8%	10%	8%	9%	12%	10%
41-45	6%	6%	5%	10%	8%	8%	7%	7%	11%	9%
46-50	5%	6%	5%	9%	9%	6%	6%	6%	9%	8%
51-55	5%	6%	7%	8%	8%	4%	5%	6%	8%	7%
Kona										
21-25	4%	6%	7%	3%	1%	10%	9%	12%	9%	6%
26-30	8%	9%	10%	7%	4%	10%	9%	11%	11%	8%
31-35	11%	10%	12%	9%	6%	10%	9%	10%	13%	9%
36-40	12%	10%	12%	12%	8%	9%	8%	8%	12%	10%
41-45	11%	11%	13%	12%	9%	7%	7%	7%	10%	9%
46-50	11%	9%	11%	13%	10%	5%	6%	6%	9%	8%
51-55	9%	9%	9%	11%	10%	4%	5%	5%	7%	7%

Taflan byggir á gögnum frá ríkisskattstjóra og eigin útreikningum

Tafla 3 er sambærileg við framangreinda töflu, nema hér er litið til þróunar skulda af húsnæðislánnum í hlutfalli við ráðstöfunartekjur. Hvað varðar yngstu aldurshópana eru niðurstöður 2015 mjög áþekkar þeim fyrir 1993. Það eru talsverðar sviptingar í gögnum yfir hagsveifluna og hér eins og í fyrri gögnum áberandi hversu hlutföllin hafa lækkað milli 2010 og 2015 fyrir alla aldurshópa.

Tafla 3. Þróun skulda af húsnæðislánum í hlutfalli við ráðstöfunartekjur flokkað eftir sambúðarformi, kyni og aldri yfir tíma

	1993	2000	2005	2010	2015	1993	2000	2005	2010	2015
Barnlaus	Einhleypir					Sambúðarfólk				
Karl										
21-25	31%	39%	72%	41%	28%	118%	122%	208%	158%	107%
26-30	67%	77%	110%	119%	69%	121%	124%	185%	168%	122%
31-35	69%	80%	108%	155%	101%	112%	110%	168%	191%	142%
36-40	64%	73%	97%	160%	112%	103%	105%	156%	176%	139%
41-45	64%	67%	78%	155%	120%	74%	105%	111%	201%	160%
46-50	58%	65%	85%	143%	112%	58%	81%	94%	173%	138%
51-55	49%	61%	74%	123%	113%	48%	63%	79%	148%	111%
Kona										
21-25	34%	47%	79%	37%	24%	119%	125%	196%	175%	124%
26-30	77%	95%	141%	104%	68%	116%	115%	178%	169%	129%
31-35	107%	113%	148%	171%	105%	118%	101%	162%	205%	138%
36-40	145%	127%	150%	191%	138%	92%	108%	127%	176%	138%
41-45	148%	153%	134%	197%	151%	70%	95%	114%	198%	136%
46-50	126%	146%	165%	215%	167%	53%	77%	89%	174%	135%
51-55	99%	133%	158%	223%	166%	42%	60%	69%	133%	110%
Með börn										
Karl										
21-25	70%	65%	113%	106%	57%	138%	149%	212%	164%	115%
26-30	64%	82%	142%	163%	101%	158%	152%	204%	226%	155%
31-35	83%	87%	147%	187%	142%	152%	144%	176%	258%	176%
36-40	82%	103%	104%	236%	162%	126%	131%	149%	254%	184%
41-45	80%	97%	91%	201%	154%	98%	110%	121%	219%	167%
46-50	65%	95%	93%	191%	151%	70%	91%	100%	175%	144%
51-55	59%	91%	122%	166%	161%	57%	76%	88%	152%	125%
Kona										
21-25	92%	113%	117%	63%	30%	143%	149%	203%	198%	128%
26-30	181%	162%	171%	147%	72%	157%	151%	194%	238%	163%
31-35	220%	179%	205%	207%	114%	143%	137%	168%	261%	178%
36-40	221%	182%	206%	251%	154%	116%	127%	139%	242%	182%
41-45	197%	175%	209%	254%	185%	87%	101%	111%	200%	160%
46-50	164%	159%	190%	256%	183%	60%	80%	91%	166%	132%
51-55	138%	146%	152%	219%	188%	49%	64%	76%	129%	115%

Taflan byggir á gögnum frá ríkisskattstjóra og eigin útreikningum

7. Breytt samfélagsgerð og viðhorf

Eins og vikið var að í inngangi er þróun þeirra þátta sem hér hefur verið fjallað um útkoma úr samspili margra breyta. Viðhorf og gildismat hefur á hverjum tíma áhrif á ákvarðanir fólks og ef slíkir undirliggjandi þættir breytast þá hefur það víðtækar afleiðingar fyrir margar af þeim breytum sem hafa verið skoðaðar hér. Því miður liggja ekki fyrir íslenskar rannsóknir á því hvernig framangreindir þættir hafa breyst gegnum tíðina. Umræða um „aldamótakynslóðina“ (*millennials*) er ekki einskorðuð við Ísland sbr. greinaröð The Guardian sem vitnað er til í inngangi. Efnahagsráð forseta Bandaríkjanna (*The Council of*

Economic Advisers) birti í árslok 2014 umfangsmikla skýrslu um þessa kynslóð þar sem teknar eru saman helstu þættir og sérkenni hennar (The Council of Economic Advisers, 2014). Samfélagsgerðin í Bandaríkjunum er um margt ólík og á Íslandi. Engu að síður kemur margt í þeirri skýrslu heim og saman við það sem greiningin hér að framan hefur leitt í ljós:

- Aldamótakynslóðin hefur fjárfest meira í mannauði en fyrri kynslóðir.
- Aldamótakynslóðin markast af því að hefja starfsferil sinn við erfiðar efnahagsaðstæður.
- Fjárfesting aldamótakynslóðarinnar í mannauði skilar tekjuávinningi, en hann hefur minnkað verulega og jafnvel meira en hér á landi.
- Staða kynjanna er jafnari en hún hefur áður verið.
- Aldamótakynslóðin gengur síðar í hjónaband. Miðgildi giftingaraldurs hefur hækkað um sex ár frá 1950 til 2013.
- Aldamótakynslóðin er ólíklegri til að búa í eigin húsnæði en fyrri kynslóðir á sama aldri, en líklegri til að búa í foreldrahúsum. Þar hafa efnahagsaðstæður áhrif, en einnig nánari tengsl barna og foreldra en áður var.

Í skýrslunni er vikið að félagslegum þáttum sem ekki er fjallað um hér en hafa sennilega áhrif í einhverjum mæli hér líkt og í Bandaríkjunum:

- Byltingin í upplýsingatækni hefur haft mikil áhrif á þessa kynslóð og hegðun hennar.
- Aldamótakynslóðin setur meira vægi á samfélag, fjölskyldu og sköpun í sinni vinnu, en vill engu að síður ná árangri í starfi og njóta efnislegra gæða.

Í lok skýrslunnar er bent á að aldamótakynslóðin standi frammi fyrir margs konar áskorunum. Fyrir það fyrsta, gefa rannsóknir til kynna að efnahagslegar aðstæður í æsku og á fyrstu fullorðinsárum marki feril einstaklinga til langs tíma og geti haft varanleg áhrif á laun, tekjur, sparnað og fjárfestingar og traust til stofnana samfélagsins. Þetta bendir til að efnahagskreppan mikla í Bandaríkjunum hafi haft neikvæð áhrif á þessa þætti þótt of snemmt sé að segja hversu mikil og varanleg áhrifin verði. Svipað kann að eiga við hér.

8. Heimildir

Barr, Caelainn og Shiv Malik (2016a). „Revealed: the 30-year economic betrayal dragging down Generation Y's income“, *The Guardian*, mars. Sjá:

<https://www.theguardian.com/world/2016/mar/07/revealed-30-year-economic-betrayal-dragging-down-generation-y-income>

Barr, Caelainn og Shiv Malik (2016b). „How Generation Y is paying the price for baby boomer pensions“, *The Guardian*, mars. Sjá:

<https://www.theguardian.com/world/2016/mar/07/generation-y-pay-price-baby-boomer-pensions>

Gylfi Magnússon, Haukur C. Benediktsson, Marta G. Skúladóttir og Tryggvi Þór

Herbertsson (1998). „Kynslóðareikningar fyrir Ísland 1994 til 1996“, *Fjármálatíðindi*, síðara hefti. Sjá: <http://www.sedlabanki.is/utgefing-efni/rit-og-skyrslur/adur-utgefing-efni/fjarmalatidindi/1998-seinna-hefti/>

- Helgi Hjörvar, Árni Páll Árnason, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Oddný Harðardóttir, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Valgerður Bjarnadóttir og Össur Skarphéðinsson (2016). „Beiðni um skýrslu frá fjármála- og efnahagsráðherra um kynslóðareikninga“. Þingskjal 1011 — 613. mál, 145. löggjafarþing 2015–2016. Sjá: <https://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/1011.pdf>
- The Council of Economic Advisers (2014). „15 Economic Facts About Millennials“, Executive Office of the President of the United States, október. Sjá: https://www.whitehouse.gov/sites/default/files/docs/millennials_report.pdf
- Winograd, Morley og Michael Hais (2014). „How Millennials Could Upend Wall Street and Corporate America“. The Brookings Institution, Washington, DC, maí. Sjá: http://www.brookings.edu/~media/research/files/papers/2014/05/millennials%20wall%20ost/brookings_winogradv5.pdf